

Sp. 356. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um kosningu millipinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Flm.: Hermann Jónasson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson,
Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganefnd til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar til framleiðslu og atvinnuaukningar og hagnýtingu auðæfa landsins í því sambandi. Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, eða að vísindalegum rannsóknnum, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fólki fjölgar nú um rúmlega 3000 árlega hér á landi, og fer sú tala stöðugt hækkandi. Nú um skeið hafa margir atvinnu við framkvæmdir hjá varnarliðinu og við þá miklu fjárfestingu, sem nú er í landinu, m. a. vegna óarðbærra framkvæmda, sem gera má ráð fyrir að geti farið minnkandi. Þegar framkvæmdum vegna varnarliðsins er lokið, sem vænta má að verði innan skamms, þurfa að vera fyrir hendi ný úrræði til hagnýtingar því vinnuafli, sem nú er við óvenjuleg verkefni, og til að sjá um vinnu og verkefni handa því fólki, sem við bætist. Til þess að svo megi verða, þarf fyrirbyggju, og má eigi lengur dragast, að þjóðfélagið láti það mál til sín taka. Gera þarf ráðstafanir til að hagnýta náttúruauð landsins í þessu skyni og aflu til þess fjármagns í tæka tíð og á þann hátt, sem fært reynist og þjóðinni hagkvæmast.

Hér á landi hafa undanfarna áratugi verið gerðar ýmsar athuganir og rannsóknir, sem að haldi geta komið við athugun og framkvæmd þessa máls, ef unnið er úr þeim á skipulegan hátt, en eflaust er þörf víðtækra viðbótarrannsókna og áætlana á ýmsum sviðum, m. a. varðandi solumöguleika nýrra útflutningsvara frá íslenskum iðnaðarfyrirtækjum.

Jafnframt ætti nefndin að athuga möguleika á aukinni tækni í núverandi atvinnugreinum landsmanna.

Hið mikilsverða verkefni, sem hér er fyrir hendi, er þess eðlis, að nauðsyn þykir til bera að fela það sérstakri millipinganefnd, er geti ráðið sér sérfróða menn til aðstoðar, og skili álit og tillögum til Alþingis og ríkisstjórnar svo fljótt sem verða má.

Nánar í framsögu.